

**Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til aukafundar þriðjudaginn  
25. nóvember 2008 kl. 16:00 í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi  
3 á Þórshöfn.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Nanna St. Höskuldsdóttir og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

**DAGSKRÁ:**

**Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:**

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 75.000.000,- kr. til 25 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við gatnagerð á Þórshöfn og vegna endurbóta á húsnæði grunnskólans á Þórshöfn, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni Ingimarssyni, kt. 301254 - 4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Langanesbyggðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30